



Reykjavíkurborg



Bókabráll

Heiða Rúnarsdóttir

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd	2
3. Samantekt - Niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra	3
4. Mat á verkefninu	3
5. Greinargerð um notkun styrkfjár.....	3
6. Kynning.....	3
Heimildir	4
Fylgiskjöl.....	4

1. Inngangur

Bókabrall hefur það að markmiði að efla læsi og lestraráhuga nemenda, sérstaklega þeirra sem annað hvort eiga erfitt með lestur eða eru áhugalausir um lestur. Læsi er ekki námsgrein heldur grunnfærni sem gengur þvert á allar námsgreinar og er undirstaða annars náms. Því er mikilvægt að heimili og skólar séu samstíga í því að styrkja læsi barna. Í *Bókabralli* eru foreldrar hvattir til að vera virkir þátttakendur og vonast er til að *Bókabrall* geti skapað jákvæða upplifun fjölskyldna nemenda af samverustundum tengdum lestri.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

Bókabrall er samansafn af margvíslegu lestrarefni og fylgihlutum sem nemendur taka með sér heim. Safnað er saman efni (bækur, tímarit, efni á neti, fylgihlutir), sem tengist þema sem líklegt er að nemendur í 5. og 6. bekk hafi áhuga á (fylgiskjal 1). Efnið er í töskum merktum *Bókabralli* sem nemendur fá lánaðar á skólasafni og taka heim til að vinna í samvinnu við fjölskyldu sína.

Í hverri tösku merktri *Bókabralli* má finna:

- Skáldsögu og/eða fræðilegt efni fyrir börn með tiltekið þema.
- Efni sem fullorðnir eru hvattir til að taka þátt í sem tengist sama þema.
- Verkefni, spil, slóð á neti eða leikföng sem tengjast þema.
- Upplýsingabæklingur fyrir aðstandendur (fylgiskjal 2).
- Blað til að meta verkefnið. Aðstandendur eru hvattir til að skrifa athugasemdir (fylgiskjal 3).



2.1 Aðstæður

Einn árgangur er virkur í *Bókabralli* á hverjum tíma, um 50 nemendur. Nemendur velja sér verkefni eftir áhuga. Nokkur bið getur orðið eftir vinsælustu verkefnunum. Nú þegar hafa verið útbúin 25 ólík verkefni í *Bókabralli* og fleiri en eitt eintak af sumum þeirra.

2.2 Hugmyndafræðin að baki verkefninu – af hverju var ákveðið að fara í verkefnið?

Bókabralli er ætlað að efla lestraráhuga nemenda og er unnið eftir hugmyndum lestrarverkefnisins *Fágæti og furðuverk* sem var þróað á skólaþróunarsviði hug- og félagsvísindadeildar Háskólans á Akureyri. Lokaskýrsla Ingibjargar Auðunsdóttur um *Fágæti og furðuverk* kom út 2011 renndi stoðum undir að verkefnið eflði áhuga þátttakenda á lestri. Um svipað leyti fengu kennarar Háteigsskóla kynningu á verkefninu *Fágæti og furðuverk* og voru til í að taka það upp.

Fágæti og furðuverk er unnið að enskri fyrirmynd *Curiosity kits* en það miðar að því að efla lestraráhuga nemenda. Rannsóknir á verkefninu í Englandi sýna marktæk jákvæð áhrif þess á lestur í öllum bekkjardeildum sem tóku þátt.

2.3 Skipulag, umfang og framkvæmd verkefnisins – hvernig gekk verkefnið fyrir sig, tímarammi - verkhlutar, verkaskipting, myndir, krækjur, o.fl.

Í upphafi var ætlunin að bjóða verkefnið í þremur árgöngum 4. – 6. bekk og hafa tvo árganga virka á hverjum tíma (um 100 nemendur). Það kom síðar í ljós að hentugra var að vinna með einn árgang í einu.

Nemendur í 6. bekk eru fyrstu þátttakendur í *Bókabralli*. Þeir fá lánað fram í febrúar- mars. Þá verður verkefnið kynnt fyrir foreldrum og nemendum í 5. bekk. Hver árgangur er þá eitt ár í verkefninu, frá mars í 5. bekk fram í febrúar í 6. bekk.

Nemendur geta nú þegar valið 25 verkefni. Nemendur skrá númer verkefna sem þeir óska eftir að fá lánuð. Ætlunin er að fjölga smám saman verkefnum sem eru í boði, búa til ný eða hafa fleiri en eitt eintak tiltækt af sama verkefni. Verkefnin í *Bókabralli* eru með 10 daga útlánatíma.

Kennari á skólasafni heldur utan um *Bókabrall*. Hann skráir hverju sinni lánþegahópinn. Mikilvægt er að nemendur virði útlánatíma svo sem flestir geti tekið þátt. Tölvupóstur er sendur heim til þeirra sem draga það að skila.

3. *Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra*

Hver er reynslan af verkefninu á viðkomandi starfsstað/starfsstöðum og hvernig getur hún nýst öðrum?

Bókabrall fer vel af stað. Nemendur og aðstandendur eru áhugasamir.

Útlánnum hefur verið breytt þannig að yfirlit yfir laus verkefni í *Bókabralli* er ekki á skólasafni heldur í skólastofum árgangsins. Nýtingin á *Bókabralli* er betri því nemendur geta valið jafnóðum að fá lánað og verkefni er komið í hús. Kennari á skólasafni heldur skrá yfir verkefni sem nemendur eru með í láni og hverjir séu vikir þátttakendur.

Bókabrall verður kynnt á fundi FFÁS, Félags fagfólks á skólasófnum, vorið 2017.

4. *Mat á verkefninu*

Formlegt/óformlegt - Leggið mat á hvernig markmið verkefnisins voru uppfyllt.

Matsblað fylgir hverju verkefni og þar er upplýsingum safnað formlega. Óformlegt mat á verkefninu felst í tjáningu nemenda á upplifun sinni. Viðbrögð hafa verið jákvæð. Vonast er til að Bókabrall muni hvetja nemendur til að:

- Lesa meira og um fjölbreyttara efni.
- Uppgötva og/eða þróa lestur til ánægju.
- Þróa lestur til að leita upplýsinga.

Einnig verður rætt við nemendur um Bókabrall, um kosti þess og galla.

5. *Greinargerð um notkun styrkfjár*

Hvernig var styrknum ráðstafað? Stýrishópur, verkaskipting, vinnuframlag, launagreiðslur, annar kostnaður, o.fl.

Sótt var um milljón í styrk en verkefnið fékk úthlutað helming þeirrar fjárhæðar.

Stofnkostnaður er talsverður. Má þar helst telja innkaup á 35 töskum, merkingum á þær, hilla undir töskur og aðgangur að Moodle svæði Háskólans á Akureyri. Samtals um 130 þúsund. Bækur og gögn í 27 töskur, sem eru nú þegar komnar í notkun kosta um 300 þúsund. Það sem eftir er af styrknum fer upp í launakostnað eða um 70 þúsund.

6. *Kynning*

Hvernig verður verkefnið kynnt fyrir samstarfsfólk og öðrum hagsmunaaðilum?

Bókabrall var og verður kynnt fyrir foreldrum á foreldraviðtalsdögum. Þá er aðstandendum nemenda sem eru að byrja í *Bókabralli* boðið í heimsókn á skólasafnið og öll verkefni *Bókabralls* liggja upp á borðum. Þeir hafa einnig fengið afhent kynningarbréf auk þess sem frétt um Bókabrall hefur verið birt á heimasíðu skólans og í fréttabréfi (Háteigur). Hugsanlega verða nemendur í 6. bekk þátttakendur í að búa til kynningarmyndband um Bókabrall sem verður nýtt fyrir næsta nemendahóp sem tekur þátt.

Kennarar Háteigsskóla hafa fengið stutta kynningu á verkefninu á kennarafundi. Kennarar miðstigs hafa fengið og munu eftir þörfum fá nákvæma lýsingu á *Bókabralli*.

Verkefnið verður kynnt fyrir FFÁS (Félagi fagfólks á skólasöfnum) í vor. Skólasafn Seljaskóla og Háskólinn á Akureyri fá senda lýsingu af verkefninu og innihald verkefna í *Bókabralli*.

Heimildir

Curiosity Kits: Linking reading and play in the middle years. Í J. Evans (ritstj.). *Literacy Moves on*. 2004. (bls. 134-143). London: David Fulton.

Ingibjörg Auðunsdóttir. 2011. Fágæti og furðuverk, lestrarhvetjandi verkefni: Lokaskýrsla til Sprotasjóðs.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 – Yfirlit yfir efni í Bókabralli

Fylgiskjal 2 – Upplýsingabæklingur

Fylgiskjal 3 – Matsblað

Heiða Rúnarsdóttir

Háteigsskóli

28. nóvember 2016